



# Opinn hugbúnaður



Sýn og þjónusta Kögunar



Ráðstefna Ský 27. október 2009

# Opinn hugbúnaður er valkostur

- Opinn hugbúnaður þarf að standast sömu kröfur og annar hugbúnaður
  - Verð
  - Gæði og rekstraröryggi
  - Þjónustuframboð / þekking
  - Almenn samkeppnishæfni
- Það að vera opinn er kostur en er ekki nóg eitt og sér sem ástæða til upptöku opins hugbúnaðar
- Opinn hugbúnaður er ekki einsleitur
  - Yrði haldinn fyrirlestur með yfirskriftina “Leyfisbundinn hugbúnaður – eða ekki”?
  - Margur opinn hugbúnaður er góður, annar ekki, eins og með flest annað
- Opinn hugbúnaður er valkostur og eflir þar með samkeppni í hugbúnaðargeiranum í heild
  - Verð lækkar og allir græða
- Spurningin er: “Uppfyllir þessi hugbúnaður þarfir mínar?”
  - Ekki: “Mig langar í opinn hugbúnað. Hvaða opna hugbúnað get ég tekið upp?”

# Útbreiðsla opins hugbúnaðar á bakvið tjöldin

- Opinn hugbúnaður er útbreiddari en margur telur
  - Oft hluti innviða leyfisbundins hugbúnaðar
    - Log4j, Jaxb, Boost, OpenGL, Axis, OpenESB, fleira...
    - Notandinn verður aldrei var við þetta
  - Notaður við þróun m.a. á leyfisbundnum hugbúnaði
    - Þróunartól (IDE)
      - Eclipse / Netbeans
    - Útgáfustýring
      - CVS / Subversion
    - Verkefnisstjórn og fleira
      - Bugzilla, Trac
    - Ýmis “library”
    - Kaupandi leyfisbundna hugbúnaðarins verður aldrei var við þetta
- Lækkar þar með verð á leyfisbundnum hugbúnaði, sökum lægri þróunarkostnaðar



## Opinn hugbúnaður og þjónusta

- Opinn hugbúnaður þarfnast bakhjarls
  - Litlir og meðalstórir aðilar eru sjaldnast að fara að taka upp opinn hugbúnað upp á eigin spýtur
  - Það er nauðsynlegt að hægt sé að leita til sérfræðinga sem þjónusta hugbúnaðinn
  - Þetta er ekkert öðruvísi en með hefðbundinn hugbúnað
- Frumkvæði þjónustuaðila vantar stundum
  - Taka af skarið
  - Byggja upp þekkingu
  - Bjóða þjónustu að eigin frumkvæði
  - Nota hugbúnaðinn sjálfir

# Sambætting kerfa með opnum hugbúnaði

- Kögun er stór þjónustuaðili í sambættingu hugbúnaðarkerfa á Íslandi
  - Sambættingarkerfi eru oft hjartað í tölvukerfi margra stórra og mikilvægra stofnana og fyrirtækja
    - LSH
    - Íslandsbanki
    - Eimskip
    - IcelandAir
    - Vodafone
- Í kjölfar hruns bankakerfisins breyttust markaðsforsendur í einni svipan
- Sambætting kerfa gefur augljósa hagræðingarmöguleika og þörfin minnkaði ekki við hrunið, heldur þvert á móti
- Gjaldeyrir er dýr og þar með leyfisbundin erlend sambættingarkerfi
- Kögun framkvæmdi kerfisbundinn samanburð á opnum sambættingarkerfum sem stæðust sem best samanburð við leyfisbundinn hugbúnað
- Tilgangurinn var að koma til móts við nýjar markaðsaðstæður og þarfir

# Sambætting kerfa með opnum hugbúnaði frh.

- Glassfish ESB frá Sun varð ofan á
  - Ókeypis og opið
  - Stór aðili á bakvið (Sun/Oracle)
  - Þroskað kerfi
  - Góð þróunartól
  - Frjótt netsamfélag
- Glassfish ESB leysir sömu vandamál og afar dýr sambættingarbúnaður
  - Hefur sína kosti og galla eins og annað
- Glassfish ESB komið í rekstur hjá þremur stórum og meðalstórum aðilum
  - Sendir reikninga og yfirlit úr bókhaldskerfi í heimabanka í þúsundavís
    - Gríðarlegur pappírssparnaður og þar með gjaldeyrissparnaður
  - Sambættir lífeyrissjóðskerfi við bankakerfi
  - Tengir viðskiptamannakerfi við Vanskilaskrá og fleiri kerfi
  - Rafrænir reikningar milli fyrirtækja



**GlassFish ESB**

# Sambætting kerfa með opnum hugbúnaði frh.

- Minni sambættingarverkefni viðskiptavina urðu skyndilega framkvæmanleg
  - Upphafsfjárfesting lítil og því réttlætanlegt að taka lítil verkefni fyrst og byggja á því
- Lexía
  - 1. Þörf myndaðist á markaði
  - 2. Kögun leitaði kerfisbundið að ódýrum valkosti
  - 3. Opinn hugbúnaður sem uppfyllti kröfur um verð, gæði, öryggi og annað slíkt var valinn
  - 4. Þekking var byggð upp hjá Kögun
  - 5. Kögun bauð fyrirtækjum þessa lausn og þjónustu að eigin frumkvæði
  - 6. Innleiðing tókst vel sem og rekstur kerfisins
  - 7. Viðskiptavinir spara fjármagn
  - 8. Landsmenn spara gjaldeyri



## Niðurstaða

- Opinn hugbúnaður verður að standast sömu kröfur og annar hugbúnaður
- Ekki er hægt að setja allan opinn hugbúnað undir sama hatt
  - Þarf að skoðast fyrir hvert tilfalli, rétt eins og með allan annan hugbúnað
- Það þarf sterkan þjónustuaðila á bakvið opinn hugbúnað, rétt eins og með annan hugbúnað
- Þjónustuaðilar eiga að hafa frumkvæði að því að bjóða upp á opinn hugbúnað sem einn valkost í viðbót sem hefur sína kosti og galla



